

2. júlí 2013

Stjórnvaldssekt vegna brota gegn 1. mgr. 126. og 1. mgr. 127. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti

Þann 12. júní 2013 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta Icelandair Group hf. (Icelandair) vegna brota gegn 126. og 127. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti (hér eftir vtl.).

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Icelandair hefði brotið gegn 1. mgr. 126. og 1. mgr. 127. gr. vtl. með því að tilkynna ekki innan tilskilinna tímamarka um víðskipti fruminnherja með hlutabréf félagsins og birta ekki upplýsingar um víðskipti stjórnanda.

Samkvæmt 1. mgr. 126. gr. vtl. ber útgefanda að tilkynna samdægurs til Fjármálaeftirlitsins þegar fruminnherji hefur tilkynnt honum um víðskipti með fjármálagerninga útgefandans. Fjármálaeftirlitið hefur túlkað ákvæðið á þá leið að tilkynni útgefandi fyrir opnun markaða daginn eftir að hann fær tilkynningu um víðskipti frá fruminnherja, fullnægi það kröfum um tilkynningu samdægurs. Samkvæmt 1. mgr. 127. gr. vtl. ber útgefanda þegar í stað að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu um víðskipti stjórnanda útgefanda með hluti í útgefandanum, og aðra fjármálagerninga tengda þeim, eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Í 3. mgr. 127. gr. vtl. er kveðið á um að sama eigi við um aðila fjárhagslega tengda stjórnendum.

Í málinu var um að ræða þrenn víðskipti. Í fyrsta lagi þáttöku aðila fjárhagslega tengdan stjórnanda í Icelandair í hlutafjárútbóði félagsins með kaupum á 250.539.559 hlutum. Niðurstöður útbóðsins lágu fyrir þann 28. desember 2010. Icelandair sendi tilkynningu um víðskiptin til Fjármálaeftirlitsins, eftir opnun markaða, þann 29. desember 2010 kl. 14:01 og sinnti því ekki framangreindum skyldum samkvæmt 1. mgr. 126. gr. vtl. Þá birti Icelandair ekki opinberlega upplýsingar um víðskiptin samkvæmt 1. mgr. sbr. 3. mgr. 127. gr. vtl.

Í öðru lagi er um að ræða víðskipti þann 15. febrúar 2011 en þá seldi fruminnherji 150.000 hluti í Icelandair. Icelandair sendi tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins, eftir opnun markaða, þann 22. febrúar 2011 kl. 13:37 og sinnti því ekki framangreindum skyldum samkvæmt 1. mgr. 126. gr. vtl.

Í þriðja lagi er um að ræða víðskipti þann 28. febrúar 2011 en þá seldi fruminnherji 35.000.000 hluti í Icelandair. Icelandair sendi tilkynningu um víðskiptin, eftir opnun markaða, þann 1. mars 2011 kl. 11:55 og sinnti því ekki framangreindum skyldum samkvæmt 1. mgr. 126. gr. vtl.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, alvarleika brots, samstarfsvilja hins brotlega aðila, sjónarmiða um ítrekað brot og stjórnvaldssekta í sambærilegum málum sem og 141. gr. vtl. var það mat Fjármálaeftirlitsins að hæfileg sekt væri kr. 4.000.000,00. Hvað varðar alvarleika brotsins var m.a. litið til þess að umfang víðskipta með hlutabréf Icelandair á því tímabili sem um ræðir var verulegt. Á hinn bóginn var litið til þess að rannsókn Fjármálaeftirlitsins dróst vegna atvika sem ekki verða rakin til Icelandair.